



Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 21.08.2018
1807042 SPH/hs

Efni: Akraneshöfn, endurbætur á aðalhafnargarði - umsögn

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 20. ágúst 2018, var fjallað um umsögn til Skipulagsstofnunar vegna Akraneshafnar.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Lögð var fram beiðni Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd við endurbætur á Akraneshöfn skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhugaðar framkvæmdir felast í 90 m lengingu hafnarbakka, dýpkun á snúningssvæðum innan hafnar og utan hafnarmynniss og lengingu brimvarnargarðs um 60 m.

Skipulags- og umhverfisráð hefur fengið til skoðunar greinargerð Mannvits sem gerð var að ósk Faxaflóahafna um málið. Skipulags- og umhverfisráð telur að þar sé ágætlega gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og hugsanlegum áhrifum þeirra á umhverfið og gerir ekki athugasemdir við efni hennar.

Settur er fyrirvari í aðalskipulag og deiliskipulag hafnarinnar um framkvæmdir við lengingu brimvarnargarðs og að líkleg áhrif hennar á sandflutning á hafsbotni og sandbúskap Langasands verði könnuð og metin áður en ráðist verður í framkvæmdir.



Ráðið telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á öryggi hafnarinnar, afkastagetu hennar og þar með jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag samfélagsins. Lenging hafnarinnar hefur minni háttar áhrif á ásýnd bæjarins, en er í samhengi við anda og yfirbragð útgerðarbæjar.

Að mati ráðsins gefur umfang framkvæmda, staðsetning og líkleg umhverfisáhrif ekki tilefni til þess að vinna sérstakt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Endurbætur á aðalhafnagarði eru hinsvegar háðar framkvæmdaleyfi Akraneskaupstaðar samkvæmt 14.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Við leyfisveitingu skal taka mið af niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdar.

Skipulags- og umhverfisráð vísar ofangreindri tillögu til afgreiðslu bæjarstjórnar Akraness.

Fyrirhönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.: Greinargerð Mannvits
Bréf Skipulagsstofnunar dags. 2. júlí 2018